

Stefna Grunnskóla Grindavíkur

Einkunnarorð

Virðing – vellíðan – virkni

Leiðarljós

Við í Grunnskóla Grindavíkur viljum:

- skapa umhverfi í samráði við foreldra, þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.

Framtíðarsýn

Grunnskóli Grindavíkur er lærdómssamfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu. Til að svo megi verða þarf samstarf heimila og skóla að vera öflugt og upplýsingastreymi gott. Leitast er við að hlúa að nemendum andlega og líkamlega til að gefa þeim tækifæri til að öðlast heilbrigðan lífsstíl. Samskipti eiga að vera hvetjandi og jákvæð í anda uppbyggingarstefnunnar.

Kennsla er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklinga og miðar að því að nemendur öðlist færni til að afla sér þekkingar. Lögð er áhersla á að nemendur komi að skipulagningu á náminu og meti árangur sinn. Skipulag kennslunnar byggir á vinnu samhentra kennara sem nota fjölbreyttar kennsluáferðir. Þær kennsluáferðir sem notaðar eru þurfa að efla nemendur í gagnrýnni hugsun. Það skiptir miklu máli að nemendur þekki sjálfa sig, þekki veikleika sína og styrkleika, kunni skil á ýmsum aðferðum til að læra og búi yfir hæfni til að nota þær. Nýjustu upplýsinga- og samskiptatæki eru notuð við námið. Kennarar vinna saman að skipulagningu og undirbúningi kennslunnar. Einnig vinna þeir saman að samþættingu námsgreina. Skólinn er Skóli á grænni grein og stefnt er að því að útinám verði samofið skólastarfinu allt árið um kring. Samstarf milli árganga snýr að eflingu félagsfærni og jákvæðum samskiptum milli yngri og eldri nemenda.

Nemendum er ýmist skipt upp í bekkjardeildir/árganga eftir aldri og hafa sinn/sína umsjónarkennara og sitt heimasvæði. Skólinn er fyrir alla nemendur, án aðgreiningar þar sem allir eru velkomnir. Lögð er áhersla á að vinna með sterkar hliðar allra nemenda og styrkja þannig sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra. Áhersla er á að hver einstaklingur auki færni sína út frá eigin forsendum.

Grunnskóli Grindavíkur starfar eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar (uppbyggingarstefna - Restitution) en sú aðferð miðar að því að kenna börnum og unglíngum sjálfsstjórn og sjálfsaga. Fundin er leið til að láta skólastarf ganga betur með þá vitneskju að leiðarljósi að hver og einn geti aðeins stjórnað sjálfum sér og ekki öðrum. Áhersla er á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu og fá nemendur tækifæri og þjálfun í að skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og hegðun allri. Skýr mörk eru sett og nemendur fá tækifæri til að bæta úr því sem aflaga fer og læra þannig af mistökum sínum.

Með uppeldi til ábyrgðar fá nemendur tækifæri til að skilja eigin hegðun, læra leiðir til að jafna ágreining og vaxa af því, leiðréttu eigin mistök, sættast við aðra og komast í jafnvægi.

Skólastefna Grindavíkurbæjar og aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar öllu starfi í skólanum.

Leiðir að stefnu skólans

Virðing

Virðing á að einkenna öll samskipti í Grunnskóla Grindavíkur. Lögð er áhersla á virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Allir sem tengjast skólasamfélaginu koma fram af virðingu, kurteisi og tillitssemi. Með því móti verður andrúmsloftið hvetjandi og notalegt þannig að allir finni sig velkomna í skólanum. Nemendur og starfsfólk ganga vel um skólann og umhverfi sitt. Koma þarf fram af nærgætni og hugulsemi og gæta þess að stofna ekki öryggi fólks í hættu. Við vinnum með viðhorf, gildismat og siðferði sem eru ríkir þættir í lýðræðismenntun og fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar.

Vellíðan

Skólinn er staðsettur í nánd við fjölbreytta náttúru og því mikilvægt að nýta sér nærumhverfi til kennslu og samveru með nemendum. Við hugum vel að heilsu allra nemenda og starfsmanna og veljum heilbrigða lífshætti. Holt mataræði, hreyfing og hvíld hefur jákvæð áhrif. Til að efla heilbrigði og vellíðan skiptir miklu máli að finna fyrir samkennd, stuðningi og virðingu. Einnig er mikilvægt að eiga samleið með öðrum, njóta viðurkenningar og geta tilheyrt hópnum.

Virkni

Fjölbreyttar kennsluáferðir og lýðræðisleg vinnubrögð kalla á virkni nemenda og starfsfólks. Mikilvægt er að nemendur stundi námið eftir bestu getu og séu virkir þátttakendur í því sem fram fer í skólanum. Stundvísi er mikilvæg og ber vott um virkni og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Lögð er áhersla á að nemendur noti skapandi og gagnrýna hugsun og nýti sköpunarkraft sinn og hugmyndaflug við lausn verkefna. Nemendur verða sjálfstæðir, sýna áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik og axla þannig ábyrgð. Lögð er áhersla á samvinnu heimilis og skóla og virkt foreldrasamstarf. Einnig er lögð áhersla á tengsl við grenndarsamfélagið.